



Alþýðusamband Íslands



Til landssambanda og aðildarfélaga innan ASÍ

Reykjavík, 25. september 2009.

Efni: Ársfundur ASÍ 22. og 23. október 2009

Ársfundur Alþýðusambands Íslands verður haldinn dagana 22. og 23. október nk. á Hótel Hilton Nordica, Reykjavík. Yfirskrift fundarins verður „Byggjum réttlátt þjóðfélag“.

Málefni fyrir ársfundinn skv. ákvörðun miðstjórnar ASÍ

Á fundi miðstjórnar ASÍ 23. september sl. var fjallað um málefni fyrir ársfund ASÍ 2009 og var ákveðið að auk umfjöllunar á fundinum um efnahags-, atvinnu- og kjaramálin í víðasta skilningi eins og ákveðið var á fundi miðstjórnar 6. maí starfi 3 málstofur/nefndir á fundinum um:

- Hag heimilanna
- Efnahags- og kjaramál
- Atvinnumál og samfélagslega ábyrgð

Af hálfu miðstjórnar hefur verið lögð mikil áhersla á að gefið verði gott rými fyrir almennar umræður á ársfundinum um stöðuna og viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar, bæði á fundinum sjálfum og í nefndastarfi/málstofum. Í samræmi við þessa afstöðu hefur miðstjórn jafnframt ákveðið að undirbúa ekki eiginlegar ályktunartillögur heldur mun hún láta vinna greinargerðir eða ramma fyrir umræðuna um framangreind málefni. Þannig verða eiginlegar ályktanir og niðurstöður ársfundarins unnar í nefndastarfinu sjálfu.

Þá verður af hálfu miðstjórnar ASÍ lögð fram lagabreytingatillaga sem felur í sér að breytingar á skattkerfi sambandsins til lækkunar á tekjum sambandsins komi að fullu til framkvæmda á árinu 2009, en ekki í áföngum til 2010 eins og áður hafði verið ákveðið.

Áður hafði miðstjórn ASÍ ákveðið að fresta umræðu um skipulagsmál Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar sem ákveðin var á ársfundinum 2008, þar til á ársfundi ASÍ 2010.

Tillögur miðstjórnar til ársfundarins skv. framansögðu verða afgreiddar á fundi miðstjórnar 7. október nk. og senda til aðildarfélaganna í beinu framhaldi, auk þess sem þær verða birtar á vef ASÍ.

Málefni fyrir ársfundinn frá aðildarsamtökum ASÍ

Eitt mál hefur borist til ASÍ á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga ASÍ, en þar segir:

Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á fundinum, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir ársfund. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir fundinn, ásamt umsögn sinni.

Um er að ræða tillögu stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness um breytingar á samningi við Vinnuveitendasamband Íslands (nú SA) um lífeyrismál dagsettum 12. desember 1995.

Miðstjórn fjallaði um tillöguna á fundi sínum 23. september sl. þar sem rætt var um væntanlega umsögn miðstjórnar um málið, sem henni ber að veita skv. 2. mgr. 24. gr. laga ASÍ. Ákveðið var að afgreiða umsögn miðstjórnar á fundi hennar 7. október og senda tillögu Vlf. Akraness og umsög miðstjórnar um hana til aðildarfélaganna í beinu framhaldi, auk þess sem efnið verður birt á vef ASÍ.

Hádegisverður

Eins og undanfarin ár hefur verið gert samkomulag við veitingastaðinn Vox á Nordica hótelinu um tilboð á hádegisverði ársfundardagana, 22. og 23. október nk. Boðið verður upp á glæsilegt hlaðborð báða dagana, með úrvali rétta og gosdrykkjum. Hlaðborðið verður í anddyri aðal fundarsalarins. Verðið á hlaðborðinu er kr. 2.350 á mann hvorn daginn.

Þau aðildarfélag sem vilja nýta þennan kost fyrir ársfundarfulltrúa sína eru beðin um að hafa samband við skrifstofu ASÍ, Ástu (asta@asi.is), í síðasta lagi fyrir lok dags mánudaginn 19. október. Alþýðusambandið mun síðan ganga frá málinu gagnvart veitingamönnunum og rukka viðkomandi aðildarfélag.

Hér er um að ræða sama fyrirkomulag og verið hefur undanfarin ár.

Kvöldskemmtun 22. október

Efnt verður til kvöldskemmtunar á Broadway þann 22. október. Boðið verður upp á þríréttaða máltíð, skemmtiatriði og danstónlist. Verð er kr. 6.000 á manninn.

Mikilvægt er að þau aðildarfélag sem bjóða fulltrúum sínum á skemmtunina tilkynni þátttöku og fjölda á midasala@broadway.is eða í síma 533-1100 í síðasta lagi í hádeginu 22. október. Félögin eru hins vegar hvött til að panta sem fyrst til að auðvelda veisluhöldurum undirbúninginn.

Flug vegna ársfundarins - ferðakostnaður

Um flug vegna ársfundarins gilda sömu reglur og áður, þ.e. að formenn viðkomandi aðildarfélaga hafa heimild til að panta á reikning ASÍ hjá Flugfélagi Íslands flug vegna ársfundarfulltrúa viðkomandi félags.

Um greiðslu kostnaðar vegna ferða ársfundarfulltrúa fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð ASÍ um það efni. Reglugerðin er á vef ASÍ http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-99/156_read-641/

Gisting fyrir ársfundarfulltrúa

Hvað varðar gistingu fyrir ársfundarfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim þætti sem fyrst ef því er ekki þegar lokið. Af hálfu Alþýðusambandsins var óskað tilboða frá nokkrum hótélum um verð á gistingu fyrir ársfundarfulltrúa fyrir þau aðildarfélög sem vilja nýta sér það. Þegar pantað er skal vísa í „tilboð vegna ársfundar ASÍ“.

- Grand hótél (sími 514-8000): Kr. 11.000 á sólarhring fyrir eins manns herbergi og kr. 12.900 fyrir tveggja manns herbergi.
- Park Inn Island (áður Hótél Ísland, sími 595 7000): Hótelið er fullbókað.
- Nordica Hilton hótél (sími 444 5000):
Hilton herbergi einmanns: Kr. 10.800 með morgunverði
Hilton herbergi tveggja manna: Kr. 11.800 með morgunverði
Hilton Plus herbergi einmanns: Kr. 13.800 með morgunverði
Hilton Plus herbergi tveggja manna: Kr. 14.800 með morgunverði
- Hótél Vík (sími 588 5588): Superior herbergi eins eða tveggja manna kr. 9.000, með morgunverði.

Þá er rétt að benda á að oft er hægt að fá góð tilboð á hótलगistingu á vefnum. Í því sambandi má benda á slóðirnar: <http://www.gtahotels.com> og <http://www.hotels.com>.

Frekari upplýsingar – gögn á vefnum

Á heimsíðu ASÍ www.asi.is hefur verið settur sérstakur hnappur „Ársfundur ASÍ“ þar sem hægt er að nálgast öll gögn fyrir ársfundinn.

Að lokum skal áréttað það sem áður hefur komið fram að frekari upplýsingar og gögn verða send út strax eftir fund miðstjórnar ASÍ 7. október nk.

Með félagskveðjum,



Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt fylgja:

Drög að dagskrá ársfundar ASÍ 2009